

Ed. **405. Frumvarp til laga** **[176. mál]**
um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður sjóðsstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að ráða starfsfólk eða semja við annan aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

5. gr.

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.

Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 14. gr. Skal hann gera tillögur um að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris er að ofan greinir.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum sem máli skipta, athugun sína leiða í ljós að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur að við svo húið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í hönkum og sparissjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum, allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaптúnum.

Sjóðstjórnin ákveður ráðstöfun þess fjár sem hún telur að ávaxta megi í lánum til langs tíma. Skulu sjóðfélagar hafa forgangsrétt til íbúðalána samkvæmt reglum sem sjóðstjórn setur. Ákveði sjóðstjórn að lána fé til uppbyggingar atvinnufyrirtækja skulu vinnuveitendur, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum, hafa forgangsrétt til lántöku.

7. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalda nær til allra launþega svo og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skylt er að reikna sér endurgjald fyrir starf við eigin rekstur skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, enda hafi þessir aðilar náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða sem lögbundnir eru eða eru viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu.

8. gr.

Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. málsg. þessarar greinar eða ákveðin af sjóðstjórn skv. 3. málsg. Iðgjald launþega er 4% launa en iðgjald launagreiðanda 6%.

Iðgjaldsskyldar launatekjur eru sem hér segir:

1. Iðgjald skal greiða af öllum tekjum starfsmanna á mánuði hverjum er teljast greiddar fyrir dagvinnu eða jafngildi dagvinnu.
2. Sé unnið á föstu mánaðarkaupi í vaktavinnu skal greiða iðgjald af vaktakaupinu.
3. Iðgjald skal greitt af orlofsfé af launum skv. 1. og 2. tl.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar, sbr. 1. málsg. 3. gr., svo og hvað teljast skuli laun fyrir dagvinnu, sbr. 1. tl. 2. málsg.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Þeir sjóðfélagar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 7. gr., skulu á sama hátt standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar.

Dragist lengur en 20 daga fram yfir gjalddaga að iðgjöldum sé skilað ber launagreiðanda að greiða dráttarvexti jafnháa þeim dráttarvöxtum sem greiða ber vegna vanskila opinberra gjalda.

Þeir sem eiga stig í sjóðnum, sbr. 9. gr., teljast sjóðfélagar.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

9. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð fast vikukaup miðað við 2. taxa Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun í 4½ viku. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum sjóðfélaga almennt skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. málsg. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangsverða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 70 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði áður en taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 70 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 67 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. málsg. segir um $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 70 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 70 ára aldurs um $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsg., og gert var við fyrri úrskurð.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 10. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér fram til 70 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofneyslu áfengis, deyfingis eða fíknilyfja skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 70 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35

ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjúskapur hafi staðið a. m. k. í 5 ár og til hans stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélaginn eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Ennfremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans ef tryggingayfir-læknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsg. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsg.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði, áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-fjöldi sem sjóðfélaganum er reiknaður.

Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hafi áunnið sér fram til 70 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsg. 11. gr. en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs.

Veiti fráfall sjóðfélagans börnum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyris-sjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þá bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjald til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. málsg. 12. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af barnalífeyri sjóðsins skv. 2. málsg. og orkutap sjóðfélaga er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og verða mundu ef um börn eða kjörborn væri að ræða.

14. gr.

Nú verður hækkun á kauptaxta þeim sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. mgr. 9. gr., eftir að lífeyrir skv. 10., 11. eða 12. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 5. gr.

Nú ávaxtar sjóðurinn mikinn hluta höfuðstóls síns í verðtryggðum skulda- bréfum eða ávöxtum hans að öðru leyti bendir til að hann sé fær um að verð- bæta lífeyrisgreiðslur betur en gert er ráð fyrir í 1. málsgr., og er þá ráðherra heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum tryggingafræðings og sjóðstjórnar, að lífeyrir skv. 10., 11. og 12. gr. skuli miðaðar við hærri grundvallar- laun en meðaltal 60 mánaða. Aldrei skal þó miðað við hærri grundvallarlaun en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Verðbætur, sem ákveðnar hafa verið samkvæmt þessari grein, falla ekki niður þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

15. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabilið, er iðgjald- greiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endur- greiðslu iðgjalda skv. 16. gr. eða flutnings réttinda til annars lífeyrissjóðs skv. 17. gr.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin stig.

16. gr.

Nú er iðgjaldahluti launþega (4%) endurgreiddur úr sjóðnum og skal þá endur- greiðslufjárhæðin reiknuð í samræmi við áunnin stig og grundvallarlaun næsta almanaksárs áður en endurgreiðslan á sér stað, en án vaxta og án tillits til hvenær stigin voru áunnin.

17. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyris- sjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn hans heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með sömu vöxtum og sjóður sá er við tekur greiðir er iðgjöld eru flutt úr honum. Sama gildir ef sjóðfélagi kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari máls- grein, að tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru keypt, eins og samkvæmt þessum lögum.

Fé sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum sem það er yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

18. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi.

Hafi lífeyrisgreiðsla ekki verið vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

20. gr.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

21. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og tekur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda þá við eignum og skuldum og öllum verkefnum Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og frumvarpi til laga um skráningu lífeyrisréttinda.

Árið 1974 voru sett sérstök lög um starfskjör launþega o. fl. Samkvæmt ákvæðum þeirra var öllum launþegum rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Fjármálaráðuneytinu var fengið um það úrskurðarvald til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skyldu greidd yrði það ágreiningsmál.

Ákvæði laganna um starfskjör launþega voru ekki talin ógilda ákvæði í lögum um einstaka lífeyrissjóði er takmörkuðu sjóðsaðild við ákveðinn aldur eða ráðningarkjör.

Það kom strax í ljós er framkvæma átti lögini um starfskjör launþega að margir launþegar áttu ekki sjálfsagðan aðgang að lífeyrissjóði. Sem úrskurðaraðila var fjármálaráðuneytinu vandi á höndum og hvarf þá að því ráði, að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að stofna sérstakan lífeyrissjóð fyrir þá er ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Fékk sjóður þessi nafnið Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Var sjóðnum sett reglugerð sem í flestum atriðum var samhljóða reglugerðum sjóða innan Sambands almennra lífeyrisjóða (SAL).

Fyrstu árin er Biðreikningurinn starfaði voru sjóðsaðilar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins. Á undanförunum árum hafa hins vegar margir tengst sjóðnum er starfa hjá öðrum en ríkinu og má þar sérstaklega nefna ýmsa er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Um 11 þúsund manns eiga nú aðild að Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda. Sjóðurinn greiðir ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri með sama hætti og SAL-sjóðir gera enda hefur sjóðurinn gert sérstakan samskiptasamning við SAL.

Í tengslum við þær samningaviðræður er nú standa yfir milli samninganefndar BSRB og fjármálaráðherra hefur ríkisstjórnin lagt til að aðilar ræði sérstaklega breytingar á lögum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Meðal annars þá breytingu að

þeir, 16 ára og eldri, sem laun taka samkvæmt kjarasamningi BSRB og aðildarfélaganna þess, verði sjóðfélagar hafi þeir starfað hjá hinu opinbera í a. m. k. 4 mánuði. Gera má því ráð fyrir að aðilum að Biðreikningnum, sem félagar eru í BSRB, muni fækka mjög á næstu mánuðum og þá í sjálfu sér ljúki þeirri „bið“ er sjóðurinn er kenndur við.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda bætast fjölmargir menn sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í hóp þeirra sem skyldir eru að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld. Ljóst er að margir þessara manna eiga ekki rétt til aðildar hjá neinum ákveðnum sjóði. Þannig er og farið um ýmsa launþega er stunda svo sérhæfð störf að þeir hafa til þessa ekki tengst verkalýðsfélagi eða sjóðum á þeirra vegum. Nú eru tímamót og þykir því rétt að lögbinda sjóð er taki við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og verði samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum sjóðum. Stjórn hins nýja sjóðs — Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda — verði að verulegu leyti í höndum samtaka lífeyrisjóða og þannig reynt að tryggja að hinn nýi sjóður starfi í sem bestu samræmi við aðra lífeyrissjóði í landinu.

Öll gerð frumvarps þessa er í samræmi við reglugerðir flestra lífeyrissjóða sem tengdir eru félögum innan Alþýðusambands Íslands. Verður því í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins iðulega vitnað til þeirra reglugerða, en samkvæmt þeim hafa lífeyrissjóðir nú starfað í fullan áratug.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heiti lífeyrissjóðsins er Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Um 2. gr.

Ákvæðin um hlutverk sjóðsins eru samhljóða ákvæðum flestra þeirra reglugerða er gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

Um 3. gr.

Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda er ætlað að vista þá menn er ekki eiga vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Vandfundnir munu þeir launþegar eða vinnuveitendur er sjálfsagða megi telja til forráða fyrir sjóðfélaga. Eðlilegt þykir því að leita til stjórna stærstu sambanda lífeyrissjóðanna og stærsta lífeyrissjóðsins fyrir opinbera starfsmenn til að tilnefna menn til forustu fyrir Söfnunarsjóðnum. Er gert ráð fyrir að fimm stjórnarmanna verði tilnefndir af lífeyrissjóðunum en tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt frá ákvæðum um bókhald og endurskoðun Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða ákvæðum í reglugerðum flestra lífeyrissjóða svo og lögbundinna sjóða, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna.

Um 6. gr.

Árið 1978 voru sett samhljóða ákvæði um ávöxtun fjár í lög er gilda um lögbundnu sjóðina, sbr. lög nr. 10/1978 um Lífeyrissjóð sjómanna. Tölulíðir 1—6 í þessu frumvarpi eru samhljóða lögbundnu ákvæðunum.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru sett með hliðsjón af efni 3. og 4. gr. frumvarps til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í greininni eru allir launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur skyldaðir til greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda svo framarlega sem þeir hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til annarra lífeyrissjóða.

Um 8. gr.

Iðgjöld til Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda eru 10,25% af iðgjaldsskyldum launatekjum. Greiðir launþeginn 4,25% en launagreiðandi 6%. Ákvæði þessi eru í samræmi við iðgjaldaskil til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Nauðsynlegt þótti að hafa samræmi í iðgjöldum til sjóða þessara vegna tíðra flutninga iðgjalda frá Biðreikningnum til annarra lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

Að því er vikið í almennum athugasemdum við frumvarp þetta að líkur eru á að úr samskiptum Biðreikningsins og sjóða ríkisstarfsmanna dragi mjög á næstunni. Samstarf Söfnunarsjóðsins verður því fyrst og fremst við þá lífeyrissjóði er 10% iðgjald taka. Með hliðsjón af þessu hefur þótt rétt að lækka iðgjaldahlut launþega í 4%.

Önnur ákvæði greinar þessarar eru óbreytt frá núverandi ákvæðum í reglugerð um Biðreikning lífeyrissjóðsiðgjalda.

Um 9. gr.

Stigakerfi er nú notað hjá lífeyrissjóðum innan SAL, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og í fleiri sjóðum. Alþingi var m. a. gerð grein fyrir stigakerfinu í greinargerð með frumvarpi um Lífeyrissjóð sjómanna er flutt var 1973.

Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur notað dagvinnutaxta Dagsbrúnar sem grundvöll er sýna skal almennar kaupbreytingar. Grundvöllur þessi er notaður af mörgum lífeyrissjóðum. Í frumvarpi þessu er lagt til að Dagsbrúnarkaup verði einnig notað af Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Um 10., 11., 12. og 13. gr.

Í upphafi 10. gr. segir að hver sjóðfélagi sem orðinn sé fullra 70 ára eigi rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Ákvæðin eru samhljóða ákvæðum í reglugerð um Biðreikning. Í framkvæmd þýða ákvæði þessi að við iðgjaldaskil öðlast aðili skilyrðislausan rétt til ellilífeyris. Rétturinn hefur hvorki verið takmarkaður af ákvæðum um veru í tiltekinn árafjölda í sjóðnum né lágmarkstölu stiga.

Flestir lífeyrissjóðanna krefjast lágmarksaðildar, t. d. í 3 ár, og lágmarksinn eignar stiga, t. d. 5 stiga, til þess að réttur til ellilífeyris sé fyrir hendi.

Lagt er til að sú skipan sem verið hefur hjá Biðreikningi á rétti til ellilífeyris verði óbreytt í lögum um Söfnunarsjóðinn.

Öl önnur ákvæði 10., 11., 12. og 13. gr. er snerta ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri eru í frumvarpi þessu samhljóða þeim ákvæðum er lífeyrisjóðir innan SAL hafa í reglugerðum sínum.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru samhljóða ákvæðum í mörgum reglugerðum lífeyrisjóða og í lögum, sbr. ákvæði 16. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Ákvæði 2. mgr. eru hins vegar ný þótt þau séu það eigi að efni til.

Eins og fram kemur í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er það meginstefna við ákvörðun lífeyris að nota meðaltal grundvallarlauna síðustu 5 ára áður en taka lífeyris hefst. Vegna örtra breytinga á kaupgjaldi hefur verið horfið frá þessari stefnu í bili jafnvel þótt reynt hafi verið að bæta hana með beitingu sambærilegra

ákvæða og eru í 1. mgr. þessarar greinar. Í reglugerðir og lög flestra sjóða hafa því verið sett bráðabirgðaákvæði er tryggja sérstakar verðbætur á lífeyri.

Í 21. og 22. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra er lífeyrissjóðunum boðið að greiða upphót á lífeyri sem greiddur verður á árunum 1980—1982. Jafngilda ákvæði þessi að verðtryggja skuli lífeyrisgreiðslur er svara til 20 stiga réttinda. Í frumvarpi þessu eru ekki ákvæði samhljóða bráðabirgðaákvæðum þeim sem um getur hér að framan. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar svo og ákvæði laganna um eftirlaun til aldraðra eiga hins vegar að tryggja að Söfnunarsjóðurinn verðbæti lífeyri a. m. k. til jafns við aðra sjóði.

Um 15. gr.

Efni greinar þessarar er mjög í samræmi við ákvæði annarra lífeyrissjóða, sbr. ákvæði 17. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Ákvæðin þar eru þó nokkuð þrengri en almennt tíðkast hjá sjóðum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra athugasemda en vísað er þó til ákvæða í 5. gr. frumvarps til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en ákvæði þau takmarka mjög heimildir lífeyrissjóða til að endurgreiða iðgjöld.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra athugasemda en vísað er til reglna annarra lífeyrissjóða, t. d. ákvæða 19. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 18. gr.

Á undanförnum árum hefur samstarf lífeyrissjóða aukist til muna. Þannig hafa lífeyrissjóðir innan SAL gert samstarfssamning er miðar að því að tryggja aðilum lífeyrisgreiðslur er miðast við samanlagðan rétt þeirra í öllum sjóðum innan sambandsins. Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda gerðist aðili að þessu samstarfi.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Lagt er til að lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda taki gildi 1. janúar 1981. Eðlilegt þykir að núverandi stjórn Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda skili af sér bókhaldi og fjárreiðum miðað við áramót. Má og vænta þess að um næstu áramót verði komnar í ljós þær breytingar á Biðreikningnum sem samfara verða hugsanlegum breytingum á ákvæðum um aðild lausráðinna ríkisstarfsmanna eða starfsmanna á aldrinum 16—20 ára að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.